

# Þýsk dýrkun og andstyggðar kommúnistar

Ómyndir og fyrirmyndir í málögnum íslenskra þjóðernissinna

---

Rósa Dröfn Guðgeirsdóttir

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA gráðu í nútímafræði

Félagsvísindadeild

Maí 2019

# **Þýsk dýrkun og andstyggðar kommúnistar**

Ómyndir og fyrirmyndir í málögnum íslenskra þjóðernissinna

Rósa Dröfn Guðgeirsdóttir

12 eininga lokaverkefni  
sem er hluti af  
*Bachelor of Arts-prófi í Nútímafræði*

Leiðbeinandi  
Páll Björnsson

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2019

# Útdráttur

Þessi ritgerð byggist á greiningu á nokkrum lykilatriðum í áróðri íslenskra Þjóðernissinna og leitast verður eftir því að svara tveimur meginspurningum sem eru: „Hver er birtingarmynd áróðurs íslenskra Þjóðernissinna gagnvart völdum viðfangsefnum?“ og „Hvað eiga íslenskir Þjóðernissinnar sameiginlegt með Þýsku nasistunum?“.

Farið verður yfir helstu skilgreiningar á hugtakinu áróður og notkun þess hugleidd. Stefna Þjóðernissinna og gengi þeirra verður skoðað, sem og sú mynd sem dregin var upp af gyðingum í málögnum Þjóðernissinna og sömuleiðis í dagblöðum almennt. Skoðuð verður umfjöllun um kommúnista og skiptist sá kafla niður í umfjöllun um þá örbirgð sem sögð var vera í kommúnískum ríkjum, deilur Þjóðernissinna við Alþýðublaðið og að lokum baráttu þeirra gegn hugmyndinni um öreiga. Að endingu verður farið yfir umfjöllun Þjóðernissinna um Þýskaland.

Í málögnum Þjóðernissinna má greinilega sjá hversu fullir aðdáunar þeir voru á nasistum í Þýskalandi. Í áróðri þeirra voru hetjur nasismans dregnar fram á sjónarsviðið og mikið af gjörðum þeirra fengu umfjöllun umvafða dýrðarljóma. Þegar sá áróður er skoðaður, einkum á árunum 1933 til 1934, má greina ákveðinn samhljóm með honum og því sem átti sér stað í Þýskalandi nasismans. Á Íslandi var barist gegn meintu ógnarvaldi gyðinga og kommúnismans og reynt að koma fólki í skilning um þær skelfingar sem það hefði í för með sér ef kommúnisminn næði völdum. Þjóðernissinnar töldu sig bjóða upp á aðra leið sem sameina átti Þjóðina, gera hana sterkari og bæta lífskjör hennar. Þeir sögðu þá leið alíslenska og þvertóku fyrir að hún tengdist nasistum að neinu leyti, nema því að vilja losa heiminn við sameiginlegan óvin.

Viðhorf Þjóðernissinna var mjög einsleitt þar sem aðeins var um eina leið að ræða að þeirra mati og þeim var mikið í mun að koma henni á framfæri. Það var leið fasismans sem var að ryðja sér til rúms víða um heiminn á þessum tímum. Í málögnum þeirra var dregin upp mjög dökk mynd af þeim atriðum sem ekki féllu að þeirra stefnu á meðan öðru sem var þeim meira að skapi var hampað, það glætt dýrðarljóma og talið til fyrirmyndar. Þótt íslenskir Þjóðernissinnar hafi ekki haft sömu tækifæri og Þýsku nasistarnir til að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd var áróðurinn er birtist í málögnum þeirra ekki ólíkur því sem sjá mátti hjá nasistum í þriðja ríkinu.

**Lykilhugtök: Þjóðernissinnar, nasismi, áróður, kommúnismi, gyðingar.**

# Abstract

This thesis is based on an analysis of some key factors in the propaganda of Icelandic nationalists in the 1930s. An effort will be made to answer two main questions: What is the manifestation of Icelandic nationalists' propaganda towards selected subjects and what do Icelandic nationalists have in common with the German Nazis?

The main definitions of the term propaganda and its use will be considered. Nationalists' policies and their success will be discussed, as will the prevailing opinion regarding the Jews in the nationalist's newspapers. The discussion in the newspapers in general will also be viewed. Nationalists writings will be examined regarding the poverty and the shortage that supposedly took place in communist countries, their disputes with the *Alþýðublaðið* and their struggle against the Marxist idea of the proletarians. Finally, the rhetoric of nationalists about Germany will be reviewed.

In the nationalist's newspapers, it is easy to see the admiration they had towards the Nazis in Germany. In their propaganda, the heroes of Nazism were put in the spotlight and their actions received a glorious review. Examining their propaganda, especially in the years 1933 to 1934, a certain harmony can be distinguished between the propaganda of the Icelandic nationalists and the German Nazis. In Iceland the alleged Jewish reign of terror and communism was fought and an emphasis placed on the horrors that it would cause if communism would take over. Nationalists were offering another way that should unite the nation, make it stronger and improve its condition of living. According to the Icelandic nationalists their ideology was purely Icelandic and they rejected the claim that it had a strong connection to the Nazis, except for the mission: Getting rid of a common enemy.

Nationalist attitudes were homogeneous because there was only one right way, and they had a great interest in promoting it. It was the way of fascism that was emerging widely throughout the world at this time. A very dark picture was drawn of the subjects that did not fit their policy, but the subjects that they liked were glorified. In other words, they purposefully set up two images; bad images and role models. Although the Icelandic nationalists did not have the same opportunity as the German Nazis to implement their policy the propaganda in their newspapers was not very different from what occurred in Nazi Germany.

**Keywords: nationalists, Nazism, propaganda, communism, Jews.**

# Efnisyfirlit

<i>Útdráttur</i> .....	<i>i</i>
<i>Abstract</i> .....	<i>ii</i>
<i>Efnisyfirlit</i> .....	<i>iii</i>
<i>Þakkarorð</i> .....	<i>v</i>
<b>1. Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>2. Hvað er áróður?</b> .....	<b>2</b>
<b>3. Íslenskir þjóðernissinnar</b> .....	<b>4</b>
<b>3.1. Stefnuskrá þjóðernissinna</b> .....	<b>5</b>
<b>3.2. Áróður beinist að ungu fólki</b> .....	<b>6</b>
<b>4. Gyðingar</b> .....	<b>8</b>
<b>4.1. Umfjöllun íslenskra þjóðernissinna</b> .....	<b>8</b>
<b>4.2. Umfjöllun annarra íslenskra fjölmiðla</b> .....	<b>9</b>
<b>5. Kommúnistar</b> .....	<b>11</b>
<b>5.1. Kommúníska örbirgðin</b> .....	<b>11</b>
<b>5.2. Deilur við Alþýðublaðið</b> .....	<b>13</b>
<b>5.3. Öreigar</b> .....	<b>15</b>
<b>6. Fyrirheitna landið Þýskaland</b> .....	<b>16</b>
<b>6.1. Hetjur nasismans</b> .....	<b>16</b>
<b>6.2. Sameinuð þjóð</b> .....	<b>17</b>
<b>6.3. Aríar</b> .....	<b>17</b>
<b>6.4. Afneitun</b> .....	<b>18</b>
<b>7. Umræður: Ómyndir og fyrirmyndir</b> .....	<b>19</b>
<b>8. Niðurstöður</b> .....	<b>20</b>

9. <i>Heimildaskrá</i> .....	22
------------------------------	----

## Þakkarorð

Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum, Páli Björnssyni, fyrir frábæra leiðsögn, stuðning, þolinmæði og gott samstarf. Einnig vil ég þakka honum fyrir að hafa kynnt mig fyrir þessu áhugaverða og skemmtilega viðfangsefni.

Sérstakar þakkir fær konan mín, Sólveig Aðalheiður G. Hjarðar, fyrir alla þá aðstoð, hvatningu, þolinmæði og stuðning sem hún hefur veitt mér við gerð þessarar ritgerðar. Hún hefur lesið margsinnis yfir valda kafla og verkið í heild og ekki má gleyma að þakka henni fyrir að hlusta á einræður mínar og taka þátt í þælingum varðandi ritgerðarefnið.

Innilegar þakkir fá mamma mín, Sigríður Benjamínsdóttir, og Anna Karen Úlfarsdóttir fyrir stuðning, yfirlestur, þælingar, spjall og hvatningu þegar á þurfti að halda.

Að lokum vil ég þakka börnunum mínum fyrir þolinmæði og tillitssemi.

# 1. Inngangur

Á árum kreppunnar miklu var óvenju mikil ólga í íslensku samfélagi. Atvinnuleysi og skortur herjuðu á landsmenn og þáverandi stjórnvöld réðu illa við þann vanda sem steðjaði að þjóðinni, allavega að mati sumra. Á þessum ólgutímum tóku nokkrir menn sig saman og stofnuðu stjórnmalaflokk sem ætlaði að breyta ástandinu til hins betra. Markmið þeirra voru að efla atvinnuvegi landsins, styrkja og sameina þjóðina og stuðla að sjálfstæði hennar. Hér er átt við Þjóðernishreyfingu Íslendinga sem sett var á laggirnar árið 1933. Þjóðernissinnar settu sér háleit markmið og höfðu fulla trú á að stefna þeirra gæti bætt það sem miður hafði farið í íslensku samfélagi. Til að koma boðskap sínum á framfæri notuðust þeir meðal annars við prentmiðla og gáfu út þónokkuð mörg málöggn á þessum árum. Þar má meðal annars nefna tímaritin *Ákæran*, *Elding*, *Fasistinn*, *Ísland*, *Íslensk endurreisn*, *Þjóðernissinninn*, *Þjóðvörn* og *Þórshamar*. Í þessari rannsókn voru einkum skoðaðar greinar sem birtust í framangreindum blöðum.

Fjallað verður um ákveðnar birtingarmyndir áróðurs í málögnum þjóðernissinna. Í byrjun verður gerð stuttlega grein fyrir hugtakinu áróður, farið yfir helstu skilgreiningar á því og notkun þess hugleidd. Að því loknu verður sú umfjöllun sem birtist í blöðunum gagnvart kommúnistum og gyðingum krufin, auk þess sem skoðuð verður sú tilhneiging þjóðernissinna að tala til ungs fólks. Einnig verður horft eftir sameiginlegum markmiðum íslensku þjóðernissinnanna og þýsku nasistanna og hvernig þau birtast í málögnum hinna fyrrnefndu. Að lokum verður gerð grein fyrir þeirri sýn sem íslenskir þjóðernissinnar höfðu gagnvart nasistum þriðja ríkisins og hvernig umfjöllun um þá var háttáð í málögnum þjóðernissinna.

Notast var við gagnagrunninn timarit.is til að leita að efni í þessa rannsókn. Við leitina voru meðal annars notuð leitarorð eins og þýsk\*, gyði\*, nasist\* og kommúni\*. Lestur blaðanna gaf hugmyndir um þau leitarorð sem notast var við og leitað var sérstaklega eftir því sem flokkast gæti sem áróður.



## 2. Hvað er áróður?

Áróður eða *propaganda* hefur lengi fylgt mannum. Í gegnum aldirnar hefur merking orðsins þó tekið á sig mismunandi myndir og mismunandi túlkun verið lögð í það. Ef orðið er sett í hlutlausan búning og merking þess skoðuð þýðir það einfaldlega að miðla eða kynna (O'Donnell og Jowett, 2012, bls. 1). Sé orðinu flett upp í orðabók kemur fram að enska orðið *propaganda* þýðir upplýsingar, þá sérstaklega ef upplýsingarnar eru misvísandi eða hlutdrægar í eðli sínu. Orðið er einnig sett í samhengi við stjórnmálahreyfingar eða skoðanir (English Oxford living dictionaries, e.d.).

Orðið áróður var fyrst notað í tengslum við rómversk-kaþólsku kirkjuna og útbreiðslu hennar á trúarskoðunum og hugmyndum. Hægt er að rekja notkun þess í þeim tilgangi allt aftur til 17. aldar. Kirkjan áleit þetta siðferðislega leið til að nálgast ætlunarverk sitt en með tímanum breyttist merking orðsins og tók á sig mun dekkri mynd (Black, 2001). Samkvæmt O'Donnell og Jowett (2012, bls. 2) orsakaði rómversk-kaþólska kirkjan það með áróðri sínum og atlögu gegn hreyfingu mótmælenda að orðið fékk neikvæða merkingu og missti hlutleysi sitt. Það fór þá að tilheyra sama flokki og orðin lygar, heilapvottur, blekkingar og fleira í þeim dúr.

Í byrjun 20. aldar, á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar, óttuðust margir það sem kallað var áróður. Þeir töldu hann ógna lýðræði og börðust gegn þessum óvini sem áróður var orðinn. Besta vörnin gegn honum var talin vera að upplýsa og fræða almenning (Black, 2001). Á þessum tímum fór áróður að tengjast pólitík frekar en trúarbrögðum. Pólitísk öfl nýttu sér áróðurstækni til að koma sínum hugsjónum á framfæri og reyna að sannfæra lýðinn og þvinga skoðunum sínum upp á fjöldann (Fitzmaurice, 2018).

Þó að orðið sé í sjálfu sér ekki mjög gamalt er áróður ekki óþekktur í sögulegu samhengi, heldur er hægt að rekja þessa aðferðafræði svo langt sem ritaðar heimildir ná. Það að reyna að sannfæra fólk, stjórna upplýsingaflæði og ráðskast með almenningssálitið og hegðun einstaklinga er mjög gömul tækni. Alexander III konungur Makedóníu, oft kallaður Alexander hinn mikli, var fyrstur manna til að kynna sér óvini sína á sálfræðilegan hátt, ásamt því að læra á vopn þeirra og hernaðaraðferðir. Auk þess var hann fyrstur til að notfæra sér áróður á kerfisbundinn hátt þar sem hann áttaði sig á mikilvægi þýðingarmikilla atburða sem og mikilvægi þess að vera þekktur af lýðnum. Hvert sem farið var í ríki hans var auðvelt að finna teikn þess hver hann var, svo sem stytur af honum, minnisvarða eða myndir. Andlit

hans leysti meira að segja andlit Heraclesar, hins goðsagnakennda sonar Zeus, af hólmi á myntum en þær voru eitt fyrsta form af fjöldaáróðri (mass propaganda).

Þessi aðferð skilaði honum velgengni og gerði hann svo gott sem ódauðlegan. Rómverjar fylgdu fordæmi hans, sem og margir aðrir í gegnum söguna. Þar má nefna Napóleon Bónaparte sem talinn er einn færasti „áróðursmeistari“ í sögunni, Adolf Hitler sem hafði sinn eigin áróðursráðherra, Joseph Goebbels, og Julius Caesar sem talinn var á pari við hina tvo fyrirnefndu (O'Donnell og Jowett, 2012, bls. 53-58, 89, 130).

Áróður getur komið fram á margs konar hátt. Tilgangurinn með honum er hins vegar alltaf sá sami; að koma kerfisbundið á framfæri ákveðinni hugmyndafræði eða upplýsingum, jafnvel með þvingunum, og reyna að móta hugmyndir fólks og hafa áhrif á upplifun þess (O'Donnell og Jowett, 2012, bls. 7-8).

### 3. Íslenskir Þjóðernissinnar

Á árunum 1932-1933 var heimskreppan farin að hafa mikil áhrif á Íslandi og mikil óeirð og óánægja ríkti meðal landsmanna. Helstu útflutningsvörur landsmanna höfðu fallið í verði og stjórnvöld settu á gjaldeyrishöft og takmarkanir á verklegar framkvæmdir. Þessar aðgerðir juku á atvinnuleysi og sköpuðu glundroða og átök á vinnumarkaði.

Kreppa og kyrrstaða einkenndu árið 1933 og var stjórnvöldum kennt um ástandið og fyrir að hafa ekki tekist að leysa þann vanda sem ríkti á vinnumarkaðinum. Það var á þessum tíma sem raddir um nýja pólitíska hreyfingu fóru að heyrast þar sem þjóðernissinnar höfðu miklar áhyggjur af ástandinu í landinu og töldu nauðsynlegt að grípa til aðgerða.

Árið 1933 var Þjóðernishreyfing Íslendinga stofnuð af þeim Jóni H. Þorbergssyni, Gísla Sigurbjörnssyni og Eiði S. Kvaran. Fleiri komu að stofnun hennar en ekki er vitað með vissu hverjir þeir voru. Allavega tveir stofnandanna, þeir Gísli og Eiður, haft kynni af þýska nasismanum á árunum fyrir stofnum flokksins (Ásgeir Guðmundsson, 1976, bls. 5-10). Segja má að flokkurinn hafi verið umdeildur frá upphafi og voru þeir sagðir nasistar sem sæktu fyrirmynd sína til Þýskalands. Varað var við þeim og þeir meðal annars taldir ætla að ráðast á kröfugöngur sem halda átti að venju þann 1. maí (Ásgeir Guðmundsson, 1976, bls. 10-26).

Seinna sama ár fór að bera á ósætti innan flokksins og í kjölfar ákvörðunar Aðalráðsins um samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn klufu nokkrir menn sig frá Þjóðernishreyfingunni og stofnuðu Flokk þjóðernissinna á Íslandi árið 1934. Þjóðernishreyfingin „lognaðist út af“ fljótlega eftir þá ákvörðun sína að ganga til liðs við Sjálfstæðisflokkinn (Ásgeir Guðmundsson, 1976, bls. 30-31 og 36).

Flokkur þjóðernissinna átti sitt besta tímabil árið 1936, en þá voru fylgjendur þeirra um 300 talsins. Það gagnaðist þeim þó ekki þegar að kosningum kom vegna ungs aldurs fylgjendanna, og það þótt kosningaaldur hafi verið lækkaður árið 1934 úr 25 árum í 21, en flestir þeirra voru 15-20 ára. Á þessu blómaskeiði gáfu gaf flokkurinn út mikið af málögnum sínum og var vinsæll meðal skólafólks. Það stóð þó ekki lengi og fljótt fór að halla undan fæti hjá þeim. Þjóðernissinnar buðu fram í færri kjördæmum, fengu sífellt minna fylgi og útgáfa blaðanna fór minnkandi (Ásgeir Guðmundsson, 1976, bls. 53-62). „Síðasta lífsmark flokksins var bæklingurinn „markmið Flokks þjóðernissinna“, sem kom út í marz 1939“ (Ásgeir Guðmundsson, 1976, bls. 62).

### 3.1. Stefnuskrá Þjóðernissinna

Í stefnuskrá Þjóðernissinna voru kröfur þeirra settar fram á afar athyglisverðan hátt samkvæmt Ásgeiri Guðmundssyni (1976, bls. 10-12). Þar var notast við ávarpið „vjer krefjumst“ sem var og er enn í dag ekki algeng sjón í stefnuskrám pólitískra flokka. Telur Ásgeir að um hafi verið að ræða áhrif frá Þýsku nasistunum sem höfðu þennan háttinn á. Þjóðernissinnar vildu berjast fyrir öflugu ríkisvaldi sem hefði það að markmiði að efla land og þjóð. Einnig vildu þeir að ríkisvaldið sæi um „að halda uppi friði og rjetti“ í landinu. Einnig töldu þeir mikilvægt að ekki væri leyfilegt fyrir pólitíska flokka að þiggja erlenda styrki og segir Ásgeir Guðmundsson (1976, bls. 12-13) það hafa beinst gegn Kommúnistaflokknum og Alþýðuflokknum sem sagðir voru hafa þegið fé erlendis frá.

Þjóðernissinnar vildu vernda þjóðina, bæta kjör hins vinnandi manns, styrkja þjóðina með auknum námsmöguleikum og efla menningu hennar. Þeir vildu slíta sambandinu við Dani og leiða þjóðina til sjálfstæðis. Í stefnuskrá þeirra kom skýrt fram að bæta ætti úr atvinnumálum og sjá til þess að verkamenn fengju sinn skerf af framleiðslunni, ásamt því að auka innlenda framleiðslu. Sömuleiðis átti að auka búsetuúrræði fólks og auðvelda því að eignast húsnæði. Styrkja átti stöðu bænda með því að bæta vinnuástandi þeirra og skyldi ríkið leitast eftir því að koma landbúnaðarvörum á erlendan markað. Þetta átti að verða til þess að stöðva flutninga úr sveitum í bæi. Einnig kröfðust þjóðernissinnar bættra samgangna, hvort heldur sem var sjóleiðis eða á landi. Bætt atvinnuástand og efling þjóðarinnar var þeim hugleikið sem og að koma í veg fyrir að ríkið eignaði sér ágóða verkamanna og færi illa með þá (Ásgeir Guðmundsson, 1976, bls. 11-12).

Margt í stefnuskrá þjóðernissinnanna hefur sterka tengingu við nasistaflokkinn í Þýskalandi. Þessir flokkar áttu það sameiginlegt að tala fyrir sterkri og sameinaðri þjóð, ásamt því að vilja eingöngu hafa einn ráðandi flokk en ekki margar einingar sem bitust um völd og málefni. Íslensku þjóðernissinnarnir töldu sig vera þann flokk sem gæti staðið undir þessum væntingum og líktu öllum þeim sem ekki voru sammála þeim og þeirra hugsjón við sýkla (Íslensk endurreisn, 1933d). Hitler (e.d., bls. 415-418) sagði margar sundraðar einingar vera óhagkvæmt fyrirkomulag og að nauðsynlegt væri að vinna að sama markmiði, frá sama sjónarhorni, ef ætti að vænta einhvers árangurs. Það væri óumflýjanlegt í umhverfi þar sem margir kepptust um málin að einn stæði uppi sem sigurvegari. Samlíking þjóðernissinna var þannig í takt við það hvernig nasistar horfðu á andstæðinga sína og talaði Hitler (e.d., bls. 134) til dæmis um gyðinga sem sníkjudýr í Þýsku samfélagi.

Í stefnuskrá íslenskra Þjóðernissinna er einnig að finna ákvæði um verndun kynstofnsins gegn sjúkdómum og að gæta ætti að heilbrigði hans með mannkynbótafræði til hliðsjónar (Ásgeir, 1976, bls. 11). Þessi hugmyndafræði var þekkt meðal nasista í Þýskalandi sem unnu að því markmiði að vernda sinn germanska kynþátt, Aría, með því að koma í veg fyrir að þeir myndu blandast við aðra kynþætti. Blöndun við óæðri kynstofna var talin leiða til hnignunar þess æðri (Hitler, e.d., bls. 238).

### 3.2. Áróður beinist að ungu fólki

Nasistar í Þýskalandi beindu áróðri sínum af mikilli hörku að æsku landsins. Hugmyndum um Þjóðernishyggju var haldið að börnum og ungmennum og stríðsrekstur og barátta voru glædd dýrðarljóma og hetjum úr fyrri stríðum hampað og þær settar á stall (Donson, 2006). Nasistar áttuðu sig á mikilvægi þess að ná til æskunnar því hug barna og ungmenna er auðvelt að móta og koma inn hugmyndum og hugmyndafræði eftir eigin geðþótta. Þetta töldu þeir lykilinn að velgengni þriðja ríkisins.

Sett var af stað ungliðahreyfing sem kölluð var Hitlersæskan (Hitlerjugend) sem ætluð var ungmennum á aldrinum 10-18 ára og um tíma voru allt að 90% þýskra barna á þessum aldri meðlimir hreyfingarinnar (Behreand, 2018). Gefnar voru út barnabækur með það að markmiði að móta huga ungra barna og skoðanir gagnvart gyðingum. Með lestri þessara bóka var börnum kennt strax frá blautu barnsbeini að forðast gyðinga og að þeir væru af hinu illa (Peters, 2015). Þjóðernissinnar á Íslandi töldu það einnig jákvæða þróun að byrja snemma að móta skoðanir barna og ungmenna, að minnsta kosti gagnvart kommúnisma. Eitt af því sem talið var upp sem árangur af þeirra hálfu var að hafa byrjað baráttu gegn kommúnisma í skólum landsins (Óskar Halldórsson, 1934).

Þjóðernissinnar nefndu æskuna mikið í málögnum sínum og reyndu að ná til hennar. Þeir töldu sig þekkja betur hug æskunnar en aðrir flokkar (Óskar Halldórsson, 1934) og beindu fyrirsögnum sínum gjarnan til hennar og ungra kjósenda. Orðræðunni var þannig háttáð að reynt var að sýna hversu umhugað Þjóðernissinum væri um framtíð unga fólksins og að þeir gættu að því hvernig landinu væri skilað í hendur þeirra sem ættu að taka við því (Óskar Bjarnasen, 1933). Mikla umfjöllun er að finna um málefni sem jafnan snertir unga fólkið og það er atvinna. Barist var fyrir auknum atvinnutækifærum og betra efnahagslegu ástandi í landinu. Þeir töldu það víst að án róttækra breytinga myndi atvinnuleysi aukast og hrun væri óumflýjanlegt meðal fyrirtækja (J. A., 1934).

Í ávarpi sem birtist í fyrsta tölublaði *Þórshamars*, málgagni ungra þjóðernissinna á Íslandi, og ætlað var íslenskri æsku kemur greinilega í ljós að þjóðernissinnarnir voru sammála þýskum nasistum. Þar var talað um að berjast gegn föðurlandssvikurum, kommúnistum frá Rússlandi, krötum frá Danmörku og því sem þeir vildu kalla gyðingaauðvald, auk þess að berjast fyrir frelsi og viljanum fyrir því að „sameinast undir merki hins hreina germanska kynstofns” (Sveinn Jónsson, 1934, bls. 1). Þetta sést ekki einungis í þessu eina blaði heldur er hægt að finna áróður sem er mjög í anda nasista víðsvegar í málgögnum þjóðernissinna.

Í *Fasistanum*, sem gefinn var út í Vestmannaeyjum, kom þetta meðal annars skýrt fram. Þar var gerð grein fyrir því að nauðsynlegt væri að sameina alla flokka í einn öflugan og heiðarlegan flokk sem stýrði landinu í stað þess að margir óheiðarlegir berðust um völdin. Því til rökstuðnings var hið „fornfræga menningarland“ Ítalía tekið sem dæmi, en þar sögðu þeir að fasismi væri við völd og menningararfleiðin blómstraði. Þrátt fyrir að bent væri á gæði slíkrar stefnu var jafnframt varað við því að horfa of mikið á það hvernig fasisminn eða þjóðernishreyfingar væru í öðrum löndum þar sem hvert land sé einstakt og nauðsynlegt að laga stefnuna að hverri þjóð fyrir sig. Þar var Þýskaland tekið sérstaklega sem dæmi og að ekki gæti það sama átt við á Íslandi og þar. Eitt er þó talið vera sameiginlegt með þeim öllum og það sé að vinna gegn kommúnisma (K. L., 1933a).

„Hvern kýst þú ungi maður?“ er fyrirsögn greinar er birtist í *Þjóðernissinnanum* og ekki er um að villast til hvaða aldursbils var verið að höfða. Í greininni var dregin upp mynd af því sem þjóðernissinnar töldu að væru bestu valkostirnir sem í boði voru þegar gengið var til kosninga. Þar var gerð grein fyrir því að þó flokkarnir væru margir væri bara um tvær stefnur að ræða; annars vegar stefnu þjóðernissinna og hins vegar klofnar fylkingar marxista. Þar á eftir var gefin mynd af því hvað stefnurnar boðuðu og hallaði þá mjög á hina flokkana (M., 1934).

Þjóðernissinnarnir ætluðu að leiða allt til betri vegar og dregin var upp mjög falleg mynd af því sem verða skyldi næði flokkurinn sínu fram. Greinin endaði á orðunum: „Ungi maður, sem átt eftir að lifa mestan hluta æfi þinnar í þessu þjóðfélagi, hverja stefnuna kýst þú?“. Næstu greinar á eftir voru litaðar neikvæðum skoðunum um starf hinna flokkanna með tilheyrandi loforðum um betrun samfélagsins með starfi þjóðernissinna (M., 1934). Einnig var kallað eftir þátttöku ungra manna í þessari nýju hreyfingu þar sem þörf væri á styrk þeirra í endurbyggingu þjóðarinnar. Farið var fögrum orðum um dug æskunnar, vinnusemi og ættjarðarást og ungt fólk hvatt til að taka þátt í að útrýma kommúnistum sem sagðir voru „rottur þjóðfélagsins“ (Þjóðólfur, 1933).

## 4. Gyðingar

Í gegnum tíðina hafa gyðingar orðið fyrir ofsóknum úr ýmsum áttum og saga þeirra er að miklu leyti saga útleiddar og endurkomu (Esposito, Fasching og Lewis, 2017, bls. 77-78). Það sama var uppi á pallborðinu fyrir seinni heimsstyrjöldina og meðan á henni stóð þegar þýskir nasistar gengu enn lengra með skipulagðri útrýmingu þeirra. Hitler taldi það heilaga skyldu sína að verjast gyðingum (Hitler, e.d., bls. 59) og í bók sinni *Mein Kampf* gerir hann grein fyrir þeim skaða sem hann taldi að gyðingar hefðu valdið í samfélaginu og þörfinni fyrir að hreinsa Þýskaland af þeim. Að hans mati voru gyðingar óvinir Þýskalands og reyndu allt til að ná völdum og eyðileggja smám saman kynstofn Aría. Hann var haldinn veruleikafirrtum hugmyndum í garð þeirra, eins og þeirri að til væri alþjóðlegt samsæri þeirra til að ná völdum í heiminum. Sú hugmyndafræði, ásamt mistúlkunum á andgyðinglegri hugmyndafræði og ofsóknaræði, gerði skipulagðar ofsóknir gagnvart gyðingum mögulegar (Herf, 2008).

### 4.1. Umfjöllun íslenskra þjóðernissinna

Miðað við þá orðræðu sem átti sér stað í málgögnum þjóðernissinna á Íslandi má álykta að þeir hafi stutt hugmyndir þýsku nasistanna. Það er þó ekki svo að blöðin hafi öll fjallað mikið um gyðinga, en þegar það var gert var umræðan verulega neikvæð og áberandi var hversu stór þáttur þeim var eignaður í hruni Þýskalands. Umræðan var frekar einsleit og fjallað var um gyðinga á þann hátt að nauðsynlegt væri að varast þá, gerð var grein fyrir eyðileggingunni sem þeim fylgdi og hvernig gyðingaauðvaldið leggði undir sig flest það sem það kæmist yfir. Valdataka Hitlers var sögð hafa orðið til þess að binda endi á óstjórn gyðinga og gera þá með þannig valdalaus. Við þessar breytingar áttu þjóðverjar að geta litið atvinnumálin bjartari augum og nasistar voru sagðir hafa unnið þrekvirki sem gæti gefið þýsku þjóðinni von á ný. (Þýskaland í dag, 1934)

Í grein Guðmundar Hannessonar (1934a) var sagt frá því hvernig gyðingar hefðu komið sér fyrir innan samfélagsins, veikt stöðu þess og þar með stuðlað að afturför Þýskalands. Í annarri grein er birtist í *Ákærinni* var greint frá því að þeir hefðu komið sér fyrir innan aðalstétta landsins og væru búnir að leggja undir sig stóran hluta þeirra. Birtar voru tölur sem sýndu fjölda gyðinga í nokkrum stéttum því til rökstuðnings. Meðal annars var hlutfall gyðinga sem voru starfandi læknar 47,9% og skólalæknar 68%. Einnig voru gyðingar stór hluti kennara í læknisfræði, eða í kringum 50%. Rúmlega helmingur þeirra stundaði

verslun, tæp 10% líkamlega vinnu og önnur tæplega 10% heimilisstörf. Allar þessar tölur áttu að sýna hlutfall gyðinga í hverri stétt fyrir sig í Berlín. Hvernig átti litla Ísland að geta varist slíkri innrás þegar sterkar og öflugar þjóðir gátu það ekki var spurt (Styrmir Víglundarson, 1933).

Gyðingar voru sagðir hafa staðið að baki kommúnisma og því ekki að undra að kommúnisminn styðji ekki hugmyndir þjóðernissinna. Þeir voru sagðir hafa verið lengi á flakki, hvergi fest rætur og meðal annars þess vegna hefði kommúnisminn afneitað „öllu því sem þjóðlegt er“ (Íslendingur, 1934a). Umræðan snerist oft frá því að fjalla um gyðinga og yfir í kommúnista eða marxista þar sem þjóðernissinnarnir töldu kommúnisma vera verkfæri þeirra. Gyðingaauðvaldið hrifsaði allt til sín sem það mögulega komst yfir að mati þeirra og þeir töldu gyðinga standa á bak við ofsóknir gegn nasistum. Meðal annars var Hitler sagður hafa orðið fyrir barðinu á marxískum verkalýðsfélögum er hann dvaldi í Vín (Adolf Hitler, 1934) og Göring hafa verið „eltur af blóðhundum gyðingaauðvaldsins“ (Hermann Göring, 1934). Auk þess var þýska þjóðin sögð hafa verið í ánað þess og Hitler hefði svipt hulunni af þeim hildarleik, auk þess sem hann hefði greint frá óréttlæti Versalassamningsins ásamt yfirgangi Frakka í ræðu sem hann hélt árið 1920 (J. Þ. Á., 1936).

Þjóðernissinnar höfðu trú á því að marxískar hugmyndir myndu líða undir lok og fylgi þeirra færi minnkandi þegar fólk færi að sjá í gegnum gyðingaauðvaldið sem stæði á bak við þær. Verkalýðurinn og gyðingaauðvaldið gætu ekki átt samleið því kröfur þeirra væru ekki þær sömu og baráttumál þeirra ólík. „Allar kröfur íslenzkra verkamanna felast í orðunum: frelsi, vinna og brauð“ en þjóðernissinnar sögðu foringja marxista eingöngu vilja „ánað, atvinnuleysi og sult“ fyrir verkamenn (Hrafn Arnarson, 1934).

#### 4.2. Umfjöllun annarra íslenskra fjölmiðla

Á árunum í kringum seinni heimsstyrjöldina var nokkuð fjallað um gyðinga í íslenskum fjölmiðlum, og þá helst í sambandi við ástandið í Þýskalandi. Umræðan var oft á neikvæðum nótum þó það hafi líka verið rætt um um þá illu meðferð sem gyðingar hlutu af hálfu Þjóðverja. Það þótti samt sem áður óhjákvæmilegt í baráttunni sem Þjóðverjar stóðu í og var réttlætt í mörgum tilfellum (Snorri G. Bergsson, 1998), líkt og kemur fram í grein *Morgunblaðsins* þar sem spurt var hvernig fólk gæti sett sig upp á móti því sem fram færi í Þýskalandi þar sem ekki sé mögulegt að menntuð þjóð líkt og Þýskaland fari upp á móti heilum kynstofni að ástæðulausu (Íslensku Gyðingarnir, 1934). Gefið var í skyn að gyðingar



hafi unnið sér eitthvað til saka sem réttlætti slíka meðferð og rætt um hvernig þeir hópuðu sig saman, kæmu sér fyrir innan samfélagsins og misbeittu valdi sínu. Svona hljómuðu réttlætningar fyrir meðferðinni sem þeir hlutu af hálfu þýskra stjórnvalda og því var haldið fram að erfitt væri að gæta þess að andúð fari ekki út í öfgar þegar réttlátir menn færu gegn þjóð sinni.

Í sumum tilfellum er erfitt að henda reiður á hvort aðrir íslenskir fjölmiðlar hafi verið hliðhollir einhverjum einum þegar á heildina var litið. Líkt og í Morgunblaðsgreininni sem vitnað er í hér að ofan var reynt að réttlæta þær aðgerðir sem framkvæmdar voru. Í annarri grein sem einnig birtist í *Morgunblaðinu* ári áður var fullyrt að engar gyðingaofsóknir ættu sér stað (Engar Gyðingaofsóknir í Þýskalandi, 1933). Um mánuði seinna birtist svo grein þar sem varað var við því að trúá því sem birtist um ástandið í Þýskalandi vegna ritskoðunar nasista og færð voru rök fyrir því hversu misvísandi skilaboð bærust þaðan (P., 1933). Einnig voru birtar fréttir, til dæmis í dagblaðinu *Vísi*, sem bárust beint úr innsta hring Hitlers og ýttu undir þá skoðun að ofsóknirnar væru bara leikrit sett upp af leikurum (Gyðingaofsóknir, 1934).

Hægt er að finna greinar sem ekki er auðvelt að skera úr um hvort eigi að vekja neikvæð viðbrögð eða jákvæð. Efnið er sett fram á hversdagslegan hátt og lítur við fyrstu sýn út eins og hver önnur tilkynning. Gott dæmi um þetta er örstutt grein sem birtist í *Vísi*. Hún birtist í dálki sem kallast Hitt og þetta og ber nafnið Gyðingaofsóknirnar í Þýskalandi. Nafnið er það eina sem vekur upp þá hugsun að greinin sé í raun um neikvætt efni. Innihald greinarinnar getur fallið andstæðingum nasista í geð, en einnig þeim sem eru fylgjandi þeim. Það fer eftir því hvaða skoðanir lesandinn hefur hvernig hann les út úr þessari grein. Hún segir frá því að reka eigi gyðinga úr þýska flotanum og að merkja eigi verslanir sérstaklega til að auðveldara verði að sniðganga verslanir gyðinga og þessu er þá sérstaklega beint til húsmæðra (Gyðingaofsóknirnar í Þýskalandi, 1934).

Tilvitnaðar greinar úr *Morgunblaðinu* og *Vísi* sýna að andúð á gyðingum náði langt út fyrir raðir hörðustu þjóðernissinna hér á landi. Umfjöllunin um þá var nokkuð mikil og í fæstum tilfellum hlutlaus í eðli sínu þar sem annað hvort var um að ræða orðræðu gegn þeim eða gegn illri meðferð gagnvart þeim.

## 5. Kommúnistar

Í bók sinni *Mein Kampf* kemur bersýnilega í ljós hvert álit Adolfs Hitlers var á kommúnistum. Þar veltir hann meðal annars upp þeirri spurningu hvernig sé hægt að koma því inn hjá verkamönnum að hreyfing bolsévika sé alræmd glæpastarfsemi gegn mannkyninu og mikilvægt sé að sniðganga þá með öllu (Hitler, e.d., bls. 537). Þegar Hitler dvaldi í Vín komst hann í kynni við fjölmiðla. Hann heillaðist af þessu fyrirbæri sem gat á skömmum tíma komið skilaboðum til fólks og búið til skoðanir meðal almennings. Þar áttaði hann sig á tækifærunum sem buðust með þessu undratæki sem fjölmiðlarnir voru. Á stuttum tíma var hægt var að búa sér til nafn á auðveldan hátt, sem án fjölmiðla gæti tekið meira en mannsaldur (Hitler, e.d., bls. 77-78).

Endurmenntun alþýðu þriðja ríkisins var eitt af því sem talið var mikilvægur þáttur í endurbyggingu þess. Nauðsynlegt þótti að gera fólki grein fyrir mikilvægi sterks leiðtoga sem markað gæti nýtt upphaf fyrir þjóðina (Welch, 2004). Þar komu prentmiðlarnir að góðum notum og áttu nasistar eftir að nýta sér þá grimmt í herferð sinni til að koma út áróðri. Nasistar beittu sér meðal annars gegn Sovétríkjunum sem þeir álitu heimaland hins gyðinglega bolsévisma (Jewish Bolshevism) og það má segja að herferð þeirra gegn bolsévismanum hafi verið rauði þráðurinn í áróðri þeirra, þegar um var að ræða áróður er bæði var ætlaður Þjóðverjum og öðrum þjóðum (Waddington, 2007).

### 5.1. Kommúníska örbirgðin

Í anda nasismans í Þýskalandi voru Rússlandi, og kommúnismanum sem þar var við lýði á þessum árum, ekki vandaðar kveðjurnar í mörgum af þeim greinum er birtust í málögnum þjóðernissinna á Íslandi. Mikið er um lýsingar á eyndinni sem fólk bjó við í Rússlandi og voru þær notaðar til að vara fólk við blekkingum kommúnista. „Fólk jetur trjávið, rætur og gras. Það grefur upp músarholur á ökrunum, til þess að ná í æti” var ein þeirra lýsinga er notuð var til að gefa mynd af hungursneyðinni sem Rússar voru sagðir lifa við í grein er birtist í *Þórshamri* (F., 1934). Þannig var reynt að hafa áhrif á álit lesenda og búa til ákveðna mynd af ástandinu í Rússlandi. Tekið er fram í upphafi greinarinnar að um sé að ræða heimildir frá áreiðanlegum ferðamönnum sem ferðast höfðu um landið og upplifað sjálfir skelfingarnar sem kommúnisminn var sagður hafa í för með sér. Jafnframt er settur sá varnagli í greinina að

Íslendingar geti ómögulega gert sér í hugarlund eða ímyndað sér þau ósköp sem herji á íbúa landsins.

Í *Ákæru* er þeirri spurningu velt fram í fyrirsögn greinar hvenær stjórnvöld á Íslandi ætli sér að banna starfsemi kommúnista. Í greininni er það dregið í efa að fólk sem hafi rambað inn í slíkar hreyfingar viti hverjar afleiðingarnar verði nái kommúniskur hugsunarháttur fram að ganga. Þar er því haldið fram að kommúnismi muni gera út af við hinn vinnandi mann og leggja þjóðfélagið í rúst. Að því loknu er rætt um viðskiptasamninga Íslands og Þýskalands og þeim gert hátt undir höfði og einnig fjallað um svívirðilega framkomu íslenskra kommúnista í garð Þýskalands (Hvenær ætla íslensk stjórnarvöld að banna starfsemi kommúnista, 1933).

Þjóðernissinnarnir reyndu eftir fremsta megni að koma á framfæri sannleikanum um kommúnismann, sem var þó auðvitað aðeins þeirra túlkun á honum. Hluti af þeim sannleika var að hugmyndafræðin á bak við kommúnismann byði eingöngu upp á tvo póla, með og á móti. Sá sem ekki fylgdi stefnu þeirra væri þar með fjandmaður og örlög þeirra væru best talin vera undir grænni torfu eða í útleið (Sannleikurinn um Kommúnismann, 1933). Varað er við því að kommúnisminn vinni að því að brjóta niður lög og reglur með „stéttaæsingum og blóðugum bardögum” (Vinnubrögð réttvísinnar, 1933).

Þáverandi stjórnvöld á Íslandi voru sökuð um að hafa ekki verið nægilega á verði gagnvart þessum óvini og því var haldið fram að íhaldið, sem setið hafði við stjórnvölinn á undangengnum árum, hefði greitt götur kommúnista með því að lama samfélagið að einhverjum hluta í formi atvinnuleysis. Í þannig umhverfi þrífist kommúnisminn og meiri líkur séu á því að landráð hans geti átt sér stað (Guðmundur Hannesson, 1934b). Atvinnuleysi var mikið áhyggjuefni á þessum tímum þar sem efnahagsástandið var ekki gott og margir voru án vinnu. Íslendingar, líkt og aðrar þjóðir, fundu verulega fyrir kreppunni sem reið yfir í kjölfarið á hrúni verðbréfamarkaðsins í Bandaríkjunum (Ásgeir Guðmundsson, 1946, bls. 5).

Í málgögnum þjóðernissinna var ástandinu á Íslandi líkt við það sem átti sér stað í Rússlandi. Atvinnuleysi væri mikið, fólk hefði ekki nóg milli handanna og liði skort á nauðsynjavörum. Með ári hverju færi tala atvinnuleysingja hækkandi og þörf væri á úrbótum. Þjóðernissinnar voru ekki hræddir við að segjast hafa lausnir og sögðu kommúnista stefnulausa í þeim málum. Það eina sem kommúnistar höfðu á takteinum, samkvæmt þjóðernissinum, var að hafa af hinum vinnandi mönnum allt sem hægt var, ásamt því að ríkið eignaðist alla framleiðslu. Þetta féll þjóðernissinum ekki í geð og töluðu þeir hátt gegn þessari stefnu (Jakob, 1934).

## 5.2. Deilur við *Alþýðublaðið*

Eins og sjá má hér að framan er dregin upp mjög dökk mynd af ástandinu sem ríkti í Rússlandi og það notað sem víti til varnaðar í skrifum Þjóðernissinna. Þeir saka kommúnista um þær hörmungar sem áttu sér stað og horfðu mikið til Rússlands til samanburðar við ástandið í íslensku samfélagi. Sú gagnrýni og neikvæð umræða sem Þjóðernissinnar, ásamt nasistum, töldu sig verða fyrir var sögð koma úr fórum kommúnista og níðritum á þeirra vegum. Reyndu Þjóðernissinnar að verjast slíku eftir fremsta megni, meðal annars með því að birta greinar í málögnum sínum.

Skraf J.J. [Jónas frá Hríflu] um níðingsverk og þær hörmungar sem nasistar eiga að hafa gert sig seka um er víst tekið upp úr hinni illræmdu, Brúnu bók, sem kommúnistalýður hefir gefið út til þess að reyna að ófrægja framgang og sigur stefnu Hitlers og manna hans. (Gísli Sigurbjörnsson, 1934, bls. 2)

Í grein sinni fullyrti Gísli (1934) að *Alþýðublaðið* hefði gerst uppvíst að því að bera út óhróður og lygar um það sem um var að vera í Þýskalandi, nasistana og foringja þeirra, sjálfan Adolf Hitler. Hann fullyrti einnig að gjörðir Hitlers væru í eðli sínu göfugar en ekki ofstækisfullar ofsóknir.

Það var þó ekki í fyrsta né eina skiptið sem Gísli barðist gegn neikvæðum ummælum varðandi Þýskaland. Hann birti yfirlýsingu í blaðinu *Íslensk endurreisn* þar sem hann tilkynnti að hann hygðist höfða mál gegn *Alþýðublaðinu* vegna ósannra ummæla í grein er birtist í því þann 20. júní 1933 (Gísli Sigurbjörnsson, 1933a). Þar var fjallað um þá stefnu þýsku nasistanna að sameina allar germanskar þjóðir og koma þeim þannig, með vafasömum hætti, undir Þýskaland. Einnig var fjallað um Þjóðernisflokkinn sem sprottinn var upp á Íslandi og því haldið fram að fyrrnefndur Gísli Sigurbjörnsson héldi þar uppi merki Hitlers. Hann var talinn hafa haft það í hyggju að vinna að því að koma Íslandi sem germanskri þjóð undir hælinn á Þýskalandi. Ásamt umfjölluninni var farið fram á að rannsökuð yrðu hugsanleg samskipti foringja flokksins við nasista í Þýskalandi (Landráð íslenskra nasista. Stórveldisdraumar Hitlers, 1933). Yfirlýsing Gísla í *Íslenskri endurreisn* var þó ekki látin nægja og birt var grein í sama blaði þar sem *Alþýðublaðinu* voru ekki vandaðar kveðjurnar. Þar var Einar Magnússon, nýr ritstjóri blaðsins, gagnrýndur fyrir birtingu greinarinnar og sagður líklegur til að slá met í lygum á stuttum tíma (Lengi getur vont versnað!, 1933).

Orðræða gegn *Alþýðublaðinu* kom margsinnis fram og einkenndist af neikvæðni og niðurrífi. *Alþýðublaðið* var talið hafa veist hvað verst að Þjóðernissinum og hreyfingu þeirra og töldu þeir það merki þess að forsprakkar blaðsins hefðu verið farnir að finna fyrir því að hulunni væri smám saman svipt af lygavef þeirra (Jón Aðils, 1933a). *Alþýðublaðið* gekk hart

fram gegn Þjóðernissinum og talaði gjarnan gegn stefnu þeirra og því sem var að gerast í Þýskalandi. Skrifaðir voru pistlar sem fræddu fólk um það sem átti sér raunverulega stað í Þýskalandi og hvernig harðstjórn Hitlers fór með fólkið í landinu. Friðurinn sem þar var sagður ríkja væri ekki vegna raunverulegs friðar heldur væri það ótti sem réði för þar sem Hitler héldi uppi skelfingarástandi og hver sá sem dirfðist að mótmæla nasistum þar í landi gæti átt von á að gjalda þess með lífinu (Ólafur Friðriksson, 1933).

*Alþýðublaðið* var gefið út af andstæðingum Þjóðernissinna, Alþýðuflokknum, og var barátta hans háð fyrir alþýðu landsins og betri kjörum henni til handa (*Alþýðublaðið*, 1919). Alþýðuflokkurinn boðaði baráttu verkalýðsins sem að mati flokksmanna var brotið á með skelfilegum hætti og var þá vitnað til þess harðræðis sem ríkti meðal annars í Þýskalandi (Ólafur Friðriksson, 1933). Þeir fóru ekki fögrum orðum um hreyfingu íslenskra Þjóðernissinna og héldu því fram að um væri að ræða nokkra valdagraðuga og auðuga menn sem reyndu að koma sér undan því að borga til samfélagsins. Einnig töldu þeir að ef þessir menn héldu áfram að starfa á Íslandi myndi það leiða til skelfinga í íslensku samfélagi og enda með hryðjuverkum og drápum (Jochum M. Eggertsson, 1933).

Þjóðernissinnar töldu aftur á móti *Alþýðublaðið* haldið „hundæði” og sögðu þá sem fyrir því stóðu svikara sem stæðu í vegi fyrir nauðsynlegum þrifum í Þjóðfélaginu (Jón Aðils, 1933b). Þeir vörðust öllum ásökunum af hörku og víðsvegar var að finna varnarorð gegn lygum er þeir sögðu beinast að Þjóðernissinum og Þýskalandi. Mikið af varnaðarorðum þeirra var ætlað *Alþýðublaðinu* og því sem birtist í skrifum á vegum þess. Því var haldið fram í málögnum þeirra að allir þeir lofsöngvar sem bærust úr búðum kommúnista væru hinn „venjulegi kommúnista sannleikur” og varasamt væri að taka þeim sem sannleika. Aðeins væri tímaspursmál hvenær verkalýðurinn í Rússlandi áttaði sig á því að verkalýðurinn í Þýskalandi hefði auðgast við að snúa baki við marxískum kenningum (Frá Sovét, 1933).

Ítrekað var varað við því að taka mark á þeim óhróðri sem Þjóðernissinnar sögðu borinn út um þá og í flestum tilfellum var bent á að hann kæmi úr fórum kommúnista, en slúðurlöð þeirra segðu afskræmdar fregnir af þeim atburðum sem ættu sér stað handan hafsins og af útrýmingu gyðinga. Þeir viðurkenndu þó að gyðingum færi fækkandi í Þýskalandi en héldu því jafnframt fram að þeir hefðu getað verið áfram ef viljinn hefði verið fyrir hendi. Þeir hefðu þurft að forða sér til að komast undan refsingum fyrir eigin gjörðir en ekki vegna ofsókna nasista (Gísli Sigurbjörnsson, 1933b).

Þessu til staðfestingar voru birtar greinar er sögðu frá öllum þeim jákvæðu breytingum sem átt höfðu sér stað vegna tilkomu hreinsunarstarfs Þjóðverja og margir menn sagðir geta borið vitni um það. Einn þeirra var ungur menntamaður sem hafði átt leið til Þýskalands og

þekkti varla til lengur vegna þeirra breytinga sem átt höfðu sér stað. Áður hefði vart verið hægt að fara um götur í sumum borgum landsins vegna hættunnar sem stafaði af kommúnistum sem óðu uppi, en ástandið væri nú allt annað. Þar ríkti nú friður og regla og engin ástæða væri til að óttast um eigið líf. Menn sem áður hefðu verið án vinnu og ráfað um væru orðnir vinnandi menn og lífsgleði og von skini úr augum þeirra (Óhróðurinn um Þýskaland, 1933).

### 5.3. Öreigar

Þjóðernissinnarnir fóru af fullri hörku gegn öllu því sem kommúnistar boðuðu og það var sérstaklega áberandi hvernig aðför var gerð að hugmyndum þeirra um öreiga (K. L. 1933b). Öreigar áttu ekki að finnast samkvæmt stefnu þeirra, ekki frekar en stóreignamenn, og var það eitt af því sem þjóðernissinnar ætluðu að vinna að (Pétur Á. Brekkan, 1933). Samkvæmt 11. grein stefnuskrá þeirra var leitast við að bæta samkennd milli stétta og vinna að því að verkamenn fengju hluta af þeim gróða sem fékkst af framleiðslunni sem þeir ynnu við. Það var þeim mikilvægt að brúa bilið milli stétta ásamt því að auðga atvinnuvegi landsins. Markmiðið var að hafa ekki flokka, efla stéttir samfélagsins og að þjóðin stæði sameinuð en ekki sem margar sundraðar einingar (Ásgeir Guðmundsson, 1976, bls. 11, 22, 49).

Þetta var ekki talinn æskilegur grundvöllur fyrir kommúnískar hugmyndir og þær ekki taldar geta lifað af í slíku umhverfi. Fátækt og örbirgð væru nauðsynlegur grundvöllur fyrir slíka stefnu ætti hún að þrífast og væri það markmið hennar að gera alla að öreigum og að eign einstaklinga væri engin (G. S., 1933a). Kommúnistar voru líka sakaðir um að hafa staðið að eyðileggingu á samfélaginu og að leitast eftir því að gera betlara úr íslensku þjóðinni til jafns við þann betlaralýð sem væri að finna í Rússlandi (Hvenær ætla íslensk stjórnarvöld að banna starfsemi kommúnista, 1933). Þar í landi eigi engin stétt rétt á sér önnur en stétt öreiga og sýnilegt sé það hatur sem borið er til annarra stétta.

Kommúnisminn vann samkvæmt því sem þjóðernissinnar sögðu þannig aðeins að því að gera alla eignalaus og að ríkið eignaðist alla framleiðsluna og gróðann sem henni fylgdi. Þessu vildu þjóðernissinnar berjast gegn með því að jafna allar stéttir og vinna gegn einokun og ríkisrekstri (Jakob, 1934). Þeir vildu styrkja stoðir samfélagsins, byggja upp sameinaða þjóð og þurrka kommúnismann algjörlega út úr myndinni til að forða þjóðinni frá þeim voða sem þeir töldu að væri yfirvofandi (Nazismi, 1933).

## 6. Fyrirheitna landið Þýskaland

Líkt og hefur komið fram áður var Þýskaland sett á háan stall í ritum íslenskra Þjóðernissinna. Mikið var um greinar um Þýskaland í málöggnunum og áttu þær það flestar sameiginlegt að sveipa dýrðarljóma um það sem nasistar voru að gera fyrir land sitt og þjóð. Talað var um það eins og fyrirheitna landið og þær breytingar sem áttu sér stað þar í landi eftir að nasistar komust til valda voru vegsamaðar.

### 6.1. Hetjur nasismans

Í greinum Þjóðernissinna var Hitler eignuð sköpun nasismans að mestu leyti og varað við því að dæma hann og stefnu hans, því hún væri ung og ekki hægt að dæma verk þeirra sem innan hennar stæðu. Sagan var sögð þurfa að koma því til leiðar seinna meir. Hann var auk þess talinn hafa bjargað þýsku þjóðinni úr klóm kommúnista. Eftir að hann komst til valda hafi hagar þýsku þjóðarinnar batnað svo um munaði og atvinnuleysi minnkað töluvert (Adolf Hitler: Kanslari þýsku þjóðarinnar, 1934). Hann var talinn vera sá sem kom Þýskalandi aftur í fyrri virðingarstöðu, en í *Eldingu* segir að það hafi verið hvorki meira né minna en mesta menningarríki heimsins (H. 1934). Ekki var látið þar við sitja því Hitler var víða litaður með ævintýraleikum blæ og gerður að leyndardómsfullri hetju sem myndi þýsku þjóðina upp úr þeim forarpytti sem hún var komin ofan í og ætlaði sér að endurbyggja Þýskaland (Þjóðernissinnar, 1933).

Hitler var kynntur til leiks sem fátækur verkamaður sem reis upp úr öskustónni öðrum til fyrirmyndar (G. S. 1933b). Honum var líka teflt fram sem eina mögulega bjargvættinum sem vonir fólksins gætu byggst á (Behreand, 2018). En Hitler var ekki eina hetjan sem Þjóðverjar áttu samkvæmt bandamönnum sínum á Íslandi, þó hann væri sá sem mest var fjallað um. Dr. Goebbels, „útbreiðslumálaráðherra“ Þýskalands, var á einum stað lýst sem mjög hugrökkum manni sem væri tilbúinn að leggja sjálfan sig í hættu til að koma boðskapnum um þriðja ríkið til samlanda sinna. Hann var sagður atorkumikill maður sem legði svo gott sem allt í sölurnar til að hjálpa þjóð sinni út úr þeim skelfingum sem höfðu dunið á henni (Dr. Goebbels, 1934). Hann fékk með þessum lýsingum hetjulegan blæ og var gerður að manni fólksins.

Annar maður sem hylltur var sem hetja var Herman Göring. Hann, líkt og Hitler og Goebbels, var sagður fórnfús og hafa unnið þrekvirki fyrir þjóð sína og flokk. Hann hljóp

meðal annars í veg fyrir byssuskot sem ætlað var leiðtoga hans, Hitler, og bjargaði þar með lífi hans (Óskar Bjarnasen, 1933). Enn einn maður var stimplaður þjóðhetja Þýskalands og var það Horst Wessel, sem var einn sá fyrsti til að ganga til liðs við Hitler (Horst Wessel, 1934). Hann náði þó ekki löngum frama því hann var drepinn árið 1930 á heimili sínu af pólitískum andstæðingum, hugsanlega kommúnistum (Horst Wessel, e.d.). Þjóðernissinnar fullyrtu í það minnsta í sinni umfjöllun að um væri að ræða árás í nafni kommúnisma (Horst Wessel, 1934).

Sögur þessara manna voru skrifaðar sem vitnisburður um merka menn og báru allar keim af dýrkun í garð þeirra. Þeir voru settir upp sem rokkstjörnur nasismans og því var hampað hvernig þeir voru tilbúnir að fórna sér fyrir málstaðinn, þjóðina og föðurland sitt.

## 6.2. Sameinuð þjóð

Eitt af þeim markmiðum sem þjóðernissinnar á Íslandi vildu ná var að sameina þjóðina. Þeir trúðu að með því móti gæti hún aftur náð stjórn í eigin landi og það væri leiðin til betri lífskjara og hluti af því að vinna sjálfstæði sitt til baka úr höndum þáverandi ríkisstjórnar (Ásgeir, 1976, bls. 55). Þeir töldu Þýskaland vera á leið inn í góðæri vegna þess að Hitler tók við stjórninni og vann að þessu sama markmiði. Horft var með aðdáun til þess árangurs sem náðst hafði þar og fullyrt að hann væri vel sjáanlegur, meðal annars í atvinnumálum sem batnað hefðu til muna við sameiningu þjóðarinnar. Milljónir atvinnuleysingja hefðu fengið atvinnu á ný og gætu því unnið sig frá fátækt og vosbúð sem hefði verið viðvarandi ástand hjá þeim áður (P. J., 1933a). Lausnir á atvinnuleysi voru þó ekki það eina sem íslensku þjóðernissinnarnir dáðust að. Framkvæmdir nasista í Þýskalandi voru taldar hafa komið landinu og þjóðinni til bjargar frá þeirri örbirgð og vesöld sem herjaði þar í landi. Fasisminn var hylltur í allri sinni dýrð og talinn eiga eftir að ná ítökum um heim allan (H., 1934).

## 6.3. Aríar

Íslensku þjóðernissinnunum var mikið í mun að verja kynstofn sinn fyrir blöndun og skaða. Það var þeim mikilvægt og margar ástæður dregnar upp sem gætu verið honum hættulegar svo sem stríð, fækkun fæðinga innan kynstofnsins og sjúkdómar (Eiður S. Kvaran, 1933a). Eitt af því sem þeir töldu hættulegt kynstofninum var blöndun við aðra kynstofna. Því var



meðal annars haldið fram að svertingjum væri svo gott sem búið að takast að eyða hvíta kynstofninum í Suður-Afríku (Eiður S. Kvaran, 1933b).

Sú þjóð sem talin var hafa náð sem bestum árangri í að halda kynstofni sínum hreinum var Þýskaland. Þjóðernissinnar fullyrtu að þaðan kæmi hinn fullkomni kynstofn frá því á þeim tímum er landið var kallað Germanía. Hægt væri að finna sannanir þess í gömlum ritum og alla tíð síðan hefði menntaheimurinn viðurkennt þá staðreynd. Þjóðverjar hefðu staðið fast á því að vernda kynþátt sinn og var það sögð ástæðan fyrir því að Þýskaland stæði öðrum þjóðum framar að flestu leyti (Hið aríska Þýskaland og við, 1936).

#### 6.4. Afneitun

Skrif íslenskra þjóðernissinna um Þýskaland einkenndust af afneitun og mörg dæmi voru um að þeir þvertækju fyrir ofsóknir Þjóðverja gagnvart gyðingum. Margar greinar voru skrifaðar um rógburð gagnvart Þýskalandi og reynt að leiðrétta þær meintu lygar sem bárust. Nýtt tímabil var sagt vera að hefjast í Þýskalandi og að almenningur landsins gæti horft fram á bjartari tíma. Hin nýja stjórn þýsku þjóðarinnar vildi ekkert frekar en frið til að vinna að málum þjóðar sinnar. Íslenskir þjóðernissinnar þvertóku fyrir þær bábiljur að nasistar hefðu hrifsað völdin í sínar hendur með fautaskap eða kúgun. Þeir sögðu að þær sögur hefðu komið fram á sjónarsviðið vegna ótta við þá elju og dugnað sem þýska þjóðin sýndi í uppbyggingu sinni (P. J., 1933b).

Þrátt fyrir að greina megi mikla aðdáun í garð Þjóðverja í skrifum íslenskra þjóðernissinna vildu þeir ekki láta bendla sig við þýska nasista. Þeir gáfu það út að um alíslenska hreyfingu væri að ræða, enda væri þjóðernishyggja ekki eitthvað sem hægt væri að flytja úr landi. Það sem hreyfing íslenskra þjóðernissinna ætti hins vegar skylt með bæði þýska nasismanum og ítalska fasímanum væri sá jarðvegur sem þessar hreyfingar spryttu upp úr sem fyrir var fullur af illgresi eins og þeir vildu kalla kommúnismann (Smávegis, 1933).

## 7. Umræður: Ómyndir og fyrirmyndir

Umfjöllun þjóðernissinna og áróður skiptist í tvennt þegar að ímyndum kemur; annars vegar ómyndir og hins vegar fyrirmyndir. Ómyndir voru sem þeir töldu skaðlegt og að ætti að forðast en sú birtingarmynd kom margsinnis fram, til dæmis þegar um kommúnisma var að ræða. Að mati þeirra var enginn meðalvegur á milli stefnu þjóðernissinna og kommúnista, þar sem kommúnisminn var svarinn óvinur þjóðernissinna og kom það greinilega fram í skrifum þeirra. Það var að mati þjóðernissinna eina lausnin á vanda samfélagsins að uppræta kommúnisma, hvað sem það kostaði (Íslendingur, 1934b). Baráttan var gegn kommúnisma sem þeir töldu koma sér fyrir innan samfélagsins á öllum sviðum og eyðileggja allt sem á vegi hans varð (Óskar Halldórsson, 1934). Því var haldið fram að kommúnisminn á Íslandi stefndi að því að eyðileggja íslenskt samfélag (Íslendingur, 1934a).

Dæmisögur sem sagðar voru komnar frá fólki sem lifði undir harðræði kommúnismans voru birtar í þeim tilgangi að gera grein fyrir slæmum kosti þeirra sem bjuggu við ánauðina í kommúnistaríkjum. Í *Þjóðvörn* birtist til að mynda frásögn af bágunum réttindum kvenna í Rússlandi og vanmætti þeirra gagnvart eigin örlögum (Kjör konunnar í Sovjet-Rússlandi, 1933). Sögur um hungursneyðina sem ríkti í landi kommúnismans voru birtar (F., 1934) og reynt að gera grein fyrir þeirri spillingu og sundrunu sem fylgdi kommúnískum hreyfingum (Vestmannaeyjafararnir, 1934). Með þessari aðferð var reynt að grafa undan málstað andstæðingsins og koma óorði á hann og efla þannig andstöðu við hann.

Hið andstæða við ómyndir þjóðernissinna voru síðan fyrirmyndir þeirra, sem þeir gjarnan sóttu til Þýskalands. Mikið var fjallað um þær breytingar sem nasisminn hafði í för með sér og umfjöllunin var mjög jákvæð um þriðja ríkið og þær hetjur sem unnið höfðu þrekvirki fyrir land sitt og þjóð. Dregnar voru fram í dagsljósið hetjudáðir og sigrar Þýskalands (Smávegis, 1933). Fasískum hreyfingum var almennt gert hátt undir höfði og dregin upp sú mynd að fasismi færi hreinlega sigurför um heiminn (Dr. Goebbels, 1934). Allt var gert til að mála jákvæða mynd af þeirri stefnu er þjóðernissinnar aðhylltust og gera hana heillandi fyrir fólkið í landinu. Falleg mynd var einnig gefin af sigri nasista á kommúnismanum í Þýskalandi, sem og öðrum óvinum þeirra, og velgengni þeirra litin aðdáunaraugum.

## 8. Niðurstöður

Áróður er gamalt fyrirbrigði en með tilkomu fjölmiðla á síðari öldum hefur hann mikið verið notaður til að koma hugmyndafræði og skoðunum kerfisbundið á framfæri. Íslenskir þjóðernissinnar nýttu sér þessa tækni á millistríðsárunum. Á þeim tíma gáfu þeir út mörg málgögn til að breiða út stefnu sína. Þegar þau eru skoðuð kemur greinilega í ljós að þjóðernissinnar á Íslandi áttu margt sameiginlegt með nasistum í Þýskalandi, þrátt fyrir að hafa ekki viljað gangast við því að hugmyndafræði þeirra væri frá nasistum komin.

Þjóðernissinnar litu svo á að þeir væru að verja land sitt og þjóð með starfi sínu. Þeir sögðust bera hag fólksins fyrir brjosti og vildu skila landinu í betra ástandi til þeirra sem á eftir þeim kæmu. Ungu fólkíð var þeim hugleikið og er það greinilegt á skrifum þeirra. Mörgum greinanna var beint til ungs fólks og fjölluðu um málefni er vörðuðu ungt fólk og framtíð landsins. Þjóðernissinnar vildu berjast fyrir því að fólk ætti auðveldara með að eignast húsnæði, öryggi á vinnumarkaði væri meira, einstaklingar ættu hluta af framleiðslunni sem þeir ynnu við og fleira mætti nefna. Þetta eru allt atriði sem margir stjórnmálaflokkar gætu verið sammála um. Nánari skoðun á málflutningi þeirri dró hins vegar fram atriði sem aðrir flokkar hefðu ekki tekið undir.

Við lestur á þessum blöðum og tímaritum er greinilegt að um áróðursblöð var að ræða auk þess sem hægt er að greina vegsömun á þeirri fyrirmynd sem þeir töldu sig sjá í þriðja ríkinu. Þjóðverjar, þá sérstaklega nasistar, og gjörðir þeirra voru sveipaðar dýrðarljóma og ekkert skafið af góðærinu sem þeir töldu blasa við þýsku þjóðinni. Þegar stefnuskrá íslenskra þjóðernissinna er skoðuð er ákveðinn samhljómur með henni og stefnu þýskra nasista. Við nánari skoðun er greinilegt að margt í stefnumálum þeirra og áróðri, er birtust í málgögnum þeirra, líktist stefnu skoðanabræðra þeirra í þriðja ríkinu.

Eitt af því sem bar af við skoðun á málgögnum þeirra var andúð þeirra á kommúnistum og áttu þjóðernissinnar í harðvítugum deilum við *Alþýðublaðið*. Það var greinilega helsti óvinur íslenskra þjóðernissinna og voru málgögnin notuð til að klekkja á því, ásamt því að leiðrétta það sem í því birtist og var þjóðernissinum ekki að skapi. Stefna þjóðernissinna var sú eina sem átti rétt á sér og börðust þeir ötullega fyrir því að grafa undan andstæðingum sínum. Þeir gagnrýndu stefnu kommúnista harðlega, sem og hugmynd kommúnismans um öreiga, og gert var lítið úr hugmynd þeirra um stéttaskiptingu. Stéttabaráttan var eitt af því sem þjóðernissinnar börðust gegn. Þeir vildu stöðva stríð milli stétta, auka samúð milli þeirra og koma í veg fyrir sundrung.

Þjóðernissinnar töldu kommúnista vera illgresi sem yrði að hreinsa í burtu úr íslensku samfélagi, sem á mikinn samhljóm við baráttu nasista við kommúnista í Þýskalandi. Hitler líkti þeim meðal annars við sníkjudýr og eru samlíkingarnar í eðli sínu frekar líkar. Auk þess trúðu Hitler og þýskir nasistar því að kommúnismi væri í raun glæpastarfsemi sem stjórnað væri af gyðingum og var þeim því mikið í mun að útrýma þeim. Gyðingar voru erkióvinir Þýskalands og voru sagðir eiga sök á þeim skelfingum sem dunið höfðu á Þýskalandi. Íslenskir þjóðernissinnar töluðu gegn gyðingum og réttlættu aðfarir gegn þeim af hálfu þýskra nasista eða reyndu að breiða yfir það og segja það lygar að gyðingar sættu illri meðferð.

Í sumum blöðunum var ekki að finna umfjöllun um gyðinga að neinu marki á meðan önnur blöð fjölluðu mikið um gyðinga og svokallað gyðingaaúðvald, en sú umræða þjóðernissinna var nokkuð merkileg. Hún snerist ekki um að gyðingar væru vandamál á Íslandi líkt og gert var gagnvart kommúnistum. Vissulega var talað um gyðinga í því samhengi og að þeir stæðu á bak við kommúnismann en meira var rætt um þá sem óvini Þýskalands. Þeir voru fordæmdir og þeim kennt um ófarir þýsku þjóðarinnar og sagt að þess vegna yrðu Íslendingar að vera vakandi fyrir þeirri ógn sem stafaði af gyðingum.

## 9. Heimildaskrá

1. maí 1933. (1933a, 30. apríl). *Alþýðublaðið*, bls. 2.
- Alþýðublaðið. (1919, 29. október). *Alþýðublaðið*, bls. 1.
- Adolf Hitler: Kanslari og leiðtogi þýsku þjóðarinnar. (1934, 31. janúar). *Þórshamar*, bls. 1.
- Ásgeir Guðmundsson. (1976). Nazismi á Íslandi. *Saga* 14(1), 5-68. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=000504656](http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000504656)
- Black, J. (2001): Semantics and Ethics of Propaganda. *Journal of Mass Media Ethics*, 16(2-3), 121-137. doi.org/10.1080/08900523.2001.9679608
- Behreand, D. (2018). Propaganda: Fight for the minds of children. *The New American*, (34)11, 33-39. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/2071534142?accountid=49537>
- Donson, A. (2006). Why did German youth become fascists? Nationalist males born 1900 to 1908 in war and revolution. *Social History*, (31)3, 337-358. doi: 10.1080/03071020600746677
- Dr. Goebbels. (1934, 1. júní). *Elding*, bls. 2.
- Eiður S. Kvaran. (1933a, 7. nóvember). Kynspilling og varnir gegn henni. *Íslensk endurreisn*, bls. 2-3.
- Eiður S. Kvaran. (1933b, 31. október). Kynspilling og varnir gegn henni. *Íslensk endurreisn*, bls. 3-4.
- Engar Gyðingaofsóknir í Þýskalandi. (1933, 26. mars). *Morgunblaðið*, bls. 3.
- English Oxford living dictionaries. (E.d.). Sótt af <https://en.oxforddictionaries.com/definition/propaganda>
- Esposito, J. L., Fasching, D. J. og Lewis, T. T. (2017). *World religions today* (sjötta útgáfa). New York: Oxford University Press.
- F. (1934, 9. janúar). „Sjá roðann í austri“. Hungursneyðin í Rússlandi. *Þórshamar*, bls. 3.
- Fitzmaurice, K. (2018). Propaganda, *Brock Education Journal*, 27(2), 63-67. Sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1179955.pdf>
- Frá Sovét. (1933b, 27. nóvember). *Ákæran*, bls. 4.
- G. S. (1933a, 29. júlí). Baráttan um æskuna. *Íslensk endurreisn*, bls. 2.
- G. S. (1933b, 28. nóvember). Frá Þýskalandi. *Íslensk endurreisn*, bls. 3.
- Gísli Sigurbjörnsson. (1933a, 22. júní). Yfirlýsing. *Íslensk endurreisn*, bls. 1.
- Gísli Sigurbjörnsson. (1933b, 29. september). Frá Þýskalandi. *Íslensk endurreisn*, bls. 2.

- Gísli Sigurbjörnsson. (1934, 9. janúar). Lygarnar um Þýskaland. *Þórshamar*, bls. 2.
- Guðmundur Hannesson. (1934a, 9. júní). Þórshamarinn: baráttumerki norræna þjóða gegn marxisma. *Ísland*, bls. 4.
- Guðmundur Hannesson. (1934b, 18. janúar). Íhald-Marxismi. *Ákæran*, bls. 4.
- Gyðingaofsóknir (1934, 6. mars). *Vísir*, bls. 4.
- Gyðingaofsóknirnar í Þýskalandi. (1934, 6. apríl). *Vísir*, bls. 4.
- H. (1934, 1. júní). Sigurför fasismans. *Elding*, bls. 4.
- Herf, J. (2008). „*The Jewish Enemy*” *Rethinking Anti-Semitism in the Era of Nazism and in Recent Times*. Sótt af [https://www.zei.uni-bonn.de/dateien/discussion-paper/dp\\_c180\\_herf.pdf](https://www.zei.uni-bonn.de/dateien/discussion-paper/dp_c180_herf.pdf)
- Hið aríska Þýskaland og við. (1936, 17. júlí). *Ísland*, bls. 3.
- Hitler, A. (e.d.). *Mein Kampf* (James Murphy þýddi). Sótt af <http://greatwar.nl/books/meinkampf/meinkampf.pdf>
- Horst Wessel. (1934, 1. júní). *Elding*, bls. 4.
- Hvenær ætla íslensk stjórnarvöld að banna starfsemi kommúnista. (1933, 13. nóvember). *Ákæran*, bls. 1.
- Horst Wessel. (e.d.). Encyclopædia Britannica. Sótt 26. apríl 2019 af <https://www.britannica.com/biography/Horst-Wessel>
- Íslendingur. (1934a, 7. febrúar). Ónytjungsháttur gömlu flokkanna. *Ákæran*, bls. 1.
- Íslendingur. (1934b, 7. febrúar). Ónytjungsháttur gömlu flokkanna: framhald af 1. síðu. *Ákæran*, bls. 4.
- Íslensku Gyðingarnir. (1934, 25. október). *Morgunblaðið*, bls. 2.
- J. A. (1934, 7. júní). Ástandið í dag. *Þjóðernissinninn*, bls. 1.
- Jakob. (1934, 6. janúar). Atvinnuleysið. *Íslensk endurreisn*, bls. 3
- Jochum M. Eggertsson. (1933, 16. maí). „Þjóðernishreyfing“ íslenskra öfga og óknyttamanna. *Alþýðublaðið*, bls. 4.
- Jón Aðils. (1933a, 28. maí). Baráttan. *Ákæran*, bls. 3.
- Jón Aðils. (1933b, 28. maí). „Hunda-æði“ Alþýðubl. *Ákæran*, bls. 1.
- K. L. (1933a, 31. ágúst). Fasisminn. *Fasistinn*, bls. 1.
- K. L. (1933b, 30. september). Öreiginn. *Fasistinn*, bls. 1-2.
- Kjör konunnar í Sovjet-Rússlandi. (1933, 28. júní). *Þjóðvörn*, bls. 2.
- Landráð íslenskra Nazista. Stórveldisdraumar Hitlers. (1933, 20. júní). *Alþýðublaðið*, bls. 3.
- Lengi getur vont versnað! (1933a, 22. júní). *Íslensk endurreisn*, bls. 3.
- M. (1934, 7. júní). Hvern kýst þú ungi maður? *Þjóðernissinninn*, bls. 3.

- Nazismi. (1933, 15. nóvember). *Fasistinn*, bls. 1.
- O'Donnell, Victoria og Jowett, Garth S. (2012). *Propaganda and Persuasion* (5. útgáfa). California: SAGE publication Inc.
- Óhróðurinn um Þýskaland. (1933c, 3. ágúst). *Íslensk endurreisn*, bls. 1.
- Ólafur Friðriksson. (1933, 4. maí). Lýðræði. *Alþýðublaðið*, bls. 2.
- Óskar Bjarnasen. (1933, 1. nóvember). Unga kynslóðin. *Fasistinn*, 2.
- Óskar Halldórsson. (1934, 7. júní). Nokkur orð til kjósenda í Vestmannaeyjum. *Þjóðernissinninn*, bls. 1.
- P. (1933, 26. apríl). Nasistar og Gyðingar. *Morgunblaðið*, bls. 2.
- P. J. (1933a, 29. september). Sameinuð þjóð. *Íslensk endurreisn*, bls. 1.
- P. J. (1933b, 15. september). Rógurinn um Þýskaland. *Íslensk endurreisn*, bls. 4.
- Peters, S. (2015). Nazi fairy tales. *World war II*. (30)2, 44-49. Sótt af <http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=7&sid=dbbf56c6-c533-4a80-9a99-13c339344cbb%40pdc-v-sessmgr01>
- Pétur Á. Brekkan. (1933, 3. júní). Ávarp. *Þjóðvörn*, bls. 1.
- Sannleikurinn um Kommúnismann. (1933, 29. júlí). *Íslensk endurreisn*, bls. 2.
- Snorri G. Bergsson. (1998). *Iceland and the Jewish Question until 1940*. Sótt af <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20070504011010/notendur.centrum.is/~snorrigb/Jewicel.htm#Jewish%20Question>
- Smávegis. (1933d, 11. maí). *Íslensk endurreisn*, bls. 4.
- Sveinn Jónsson. (1934, 9. janúar). Ávarp til íslenskrar æsku. *Þórshamar*, bls. 1.
- Vestmannaeyjafararnir. (1934, 13. júní). Þjóðernisstefnan í Vestmannaeyjum. *Þjóðernissinninn*, bls. 2.
- Vinnubrögð réttvísinnar. (1933, 28. maí). *Ákæran*, bls. 2.
- Waddington, L. L. (2007). The Anti-Komintern and Nazi Anti-Bolshevik Propaganda in the 1930s. *Journal of contemporary history*, (42)4, 573-594. doi: 10.1177/0022009407081488
- Welch, D. (2004). Nazi Propaganda and the *Volksgemeinschaft*: Constructing a People's Community. *Journal of contemporary history*, (39)2, 213-238. doi: 10.1177/0022009404042129
- Þjóðernissinnar. (1933b, 15. nóvember). *Fasistinn*, bls. 2.
- Þjóðólfur. (1933, 13. nóvember). Æskan og marxistar. *Ákæran*, bls. 4.
- Þýskaland í dag. (1934, 25. janúar). *Íslensk endurreisn*, bls. 4.

Titill: Þýsk dýrkun og andstyggðar kommúnistar: Ómyndir og fyrirmyndir í málögnum íslenskra þjóðernissinna

Stuttur titill: Þýsk dýrkun og andstyggðar kommúnistar

12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í Nútímafræði

Höfundarréttur © 2019 Rósa Dröfn Guðgeirsdóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Rósa Dröfn Guðgeirsdóttir, 2019, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 30 bls.